

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. apríl 2019
2019040026/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 775. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 12. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 775. mál. Eins og kemur fram í greinargerð hefur frumvarpið verið lagt fram áður á 148. löggjafarþingi, 467. mál, en nú með „smávægilegum“ breytingum.

Náttúrufræðistofnun telur framangreint frumvarp og þær breytingar sem þar er lagðar til á lögum um mat á umhverfisáhrifum mjög til bóta. Nái frumvarpið fram að ganga mun það gera lög um mat á umhverfisáhrifum skýrari hvað varðar alla málsmeðferð, bæta faglega umgjörð laganna og styrkja að farið sé eftir niðurstöðum úr mati á umhverfisáhrifum. Hér má nefna styrkingu á faglegri þekkingu sbr. 2. gr., frumvarpsins um breytingu á 4. gr. laganna; 3. gr. frumvarpsins um inntak mats á umhverfisáhrifum, tengingu ákvarðana og viðmiða í 2. viðauka sbr. 5. gr. frumvarpsins; kröfu um að sveitastjórnir rökstyðji og fari eftir viðmiðum 2. viðauka við ákvörðun um matsskyldu sbr. 5. gr. og nánari útfærslu á m.a. matsáætlun og matsskýrslu, 7. og 8. gr. frumvarpsins.

Náttúrufræðistofnun telur breytingar sem lagðar eru til í 15. gr. frumvarpsins á 18. gr. laganna um styrkingu á ákvæði um eftirlit með framkvæmdum m.a. mótvægisáðgerðum og vöktun mjög til bóta. Náttúrufræðistofnun leggur til minni háttar breytingu á orðlagi 18. gr. sem gæti verið svona: „Leyfisveitandi eða aðrir sem falið er með lögum eftirlit með framkvæmdum hafa eftirlit með því að matsskyldri framkvæmd sé hagað í samræmi við leyfi og að framfylgt sé ákvæðum leyfisins um mótvægisáðgerðir og vöktun framkvæmda og áhrifum vegna þeirra. Skal eftirlitið og hversu lengi það varir vera í hlutfalli við eðli, staðsetningu og stærð framkvæmdarinnar og áhrif hennar á umhverfið. Að öðru leyti fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum.“

Náttúrufræðistofnun tekur undir ákvæði um sameiginlegt eða samræmt ferli er varða mat á



umhverfisáhrifum og skipulagsgerð og gerð starfsleyfis sbr. 18. gr. frumvarpsins. Náttúrufræðistofnun telur einnig þær breytingar sem lagðar eru til á 2. viðauka laganna, 22. gr. frumvarpsins, allar til bóta og gera viðaukann skýrari.

Í 11. gr. frumvarpsins, um breytingu á 12. gr. laganna (núverandi 12. gr. fellur brott), er nú gert ráð fyrir að endurskoðun umhverfismats miðist við sjö ár í stað 10 ára í núgildandi lögum en gert var ráð fyrir 5 ára gildistíma í frumvarpinu þegar það var síðast lagt fram. Eins og kemur fram í greinargerð þá getur verið erfitt að setja ákveðinn árafjölda sem viðmið hvað gildistíma umhverfismats varðar enda verður að gæta sanngirnissjónarmiða og aðstæður geta breyst hvað varðar náttúrufar, verndarviðmið, landnotkun, viðhorf og aðra umgjörð, s.s. löggjöf, þeirra svæða eða áhrifa sem framkvæmd kann að valda. Í 11. gr. frumvarpsins og 12. gr. laganna virðist vanta þann möguleika að heimilt verði að endurskoða umhverfismat, ef framkvæmd hefur ekki átt sér stað innan 7 ára, ef verulegar breytingar hafi orðið sbr. framangreint. Í greinargerði með 11. gr. segir hins vegar: „Ef upp koma tilvik þar sem ekki eru liðin sjö ár en talið er að umhverfismatið eigi ekki lengur við mun leyfisveitandi þurfa að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og mun geta synjað slíkri framkvæmd um leyfi af þeirri ástæðu..... " Þetta þarf að laga að mati Náttúrufræðistofnunar t.d. með því að bæta framangreindum texta úr greinargerð við 11. gr. frumvarpsins sem gæti þá verið svona: „Ef upp koma tilvik þar sem ekki eru liðin sjö ár en talið er að umhverfismatið eigi ekki lengur við skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild umhverfismat framkvæmdarinnar áður en leyfi til framkvæmda er veitt." Náttúrufræðistofnun telur einnig eðlilegt að Alþingi skoði hvort aðrir aðilar en leyfisveitandi geti óskað eftir því að umhverfismatið verði endurskoðað ef verulegar breytingar hafa átt sér stað en í þessu sambandi má t.d. benda á það dæmi sem nefnt er sérstaklega í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. vegagerð um Hornafjarðarfljót, þar sem aðrir kostir en sá sem varð fyrir valinu virðast, af mörgum ástæðum, ákjósanlegri.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistgræði- og ráðgjafardeildar

